

Ed.

542. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað „5 af hundraði“ í 2. gr. laga nr. 4 4. júní 1924 kemur: 10 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem hér er farið fram á að breyta, er ákveðið, að verzlunir ríkisins greiði í stað venjulegs aukaútsvars eftir efnum og ástæðum ákveðið gjald til bæjarsjóða, er nemi 5 af hundraði af hreinum ágóða verzlunarrekstrarins. Sú hugsun, sem hér liggur til grundvallar, er ekki óeðlileg, því að með stighækkandi gjaldi, eins og vænta má að aukaútsvar sé, getur aukaútsvarið orðið óeðlilega hátt, þegar verzlunarrekstur með stórar vörutegundir er dreginn saman í eitt. — En á hinn bóginn er gjaldið óeðlilega lágt ákveðið með lögnum frá 1924, og þetta kemur vitanlega æ skýrar fram við það, að ríkið dregur til sín fleiri og fleiri greinar verzlunarinnar, og sviptir með því bæina verulegum hluta skattgreiðenda, en á hinn bóginn fara þarfir bæjanna til tekna vaxandi og útsvörin því um leið hækkandi.

Hér er lagt til, að gjald þetta verði fært upp í 10 af hundraði, og má þó fullyrða, að eins og nú er komið útsvarsálagningu bæti þetta engan veginn upp það skarð, sem ríkisverzlunirnar höggva í skattstofn þennan.